

## Fyrirspurn

til efnahags- og viðskiptaráðherra um hlutdeild Íslendinga í erlendum sjávarútvegsfyrirtækjum.

Frá Merði Árnasyni.

1. Hvað eiga íslenskir einstaklingar og lögaðilar mikið í erlendum sjávarútvegsfyrirtækjum? Hver eru fyrirtækin, hvar starfa þau, hver er hlutur Íslendinga í þeim, hvenær eignaðist íslenski aðilinn fyrst hlut í fyrirtækinu og hvers virði er heildarhlutur Íslendinga í fyrirtækjunum talinn?
2. Hver eru tuttugu umsvifamestu fyrirtækin að fjórðungi eða meira í eigu Íslendinga (velta) og hverjir eru tuttugu helstu eigendur erlendra sjávarútvegsfyrirtækja hérlendis (miðað við veltu fyrirtækis og hlut)?

### Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

Sams konar fyrirspurn var borin upp við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra 6. október sl. en það svar barst frá ráðherranum 18. október að ráðuneytið hefði engar upplýsingar um efni fyrirspurnarinnar og bæri ekki að lögum að safna slíkum upplýsingum og gæti því ekki svarað fyrirspurninni.

